

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Selfoss, 15.8.2023
UST202301-253/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 12. júní 2023 - Vopnafjarðarhreppur, Búðaröxl

Þann 12. júní sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Vopnafjarðarhrepps, Búðaröxl. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávíka

Rekstraraðili vinnur eftir úrbótaáætlun samþykkt af Umhverfisstofnun þann 13. mars 2023. Varðar frávik þeirrar áætlunar niðurrif bíla. Rekstraraðili sótti um starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands og telst því frávíki lokið. Að auki voru útistandandi tvö eldri frávik. Af þeim hefur einu frávíki verið lokað og varðar vörslu olíugeymis á urðunarstaðnum, sem búið er að fjarlægja. Annað frávíkið varðar uppsöfnun vatns í úrganginum. Úrbætur miðast við að fá að dýpka skurði í kringum urðunarstaðinn og breyta vegöxlum Norðausturvegars sem liggur þar meðfram, með því markmiði að hafa áhrif á stöðu grunnvatns innan urðunarstaðars. Áætluð verklok eru í lok sumar 2024.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Ábending vegna skráninga innra eftirlits. Sjá þarf til þess að sýni sem tekin eru, séu skráð og skilgreind á réttan hátt með tilliti til staðsetninga og hvað sé verið að mæla hverju sinni og skilað 1.maí ár hvert.
2. Ábending vegna geymslu á umtalsverðu magni af brotamálmi. Árið 2022 tekur rekstraraðili á móti 70,91 tonni af brotamálmi til geymslu. Viðmiðið er að magn þess sé ekki meira en það sem rúmast fyrir í einum gámi á hverjum tíma. Er rekstraraðili beðinn um að halda umfangi uppsafnaðs brotamálms í lágmarki á urðunarstaðnum. Verður staðan á því tekin í næsta reglubundna eftirliti.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Skil á niðurstöðum skráninga bárust ekki á tilskyldum tíma, þ.e. 1 maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráninganiðurstöður og niðurstöður mælinga innra eftirlits var skilað 9.júní sl. og telst því frávikin lokið.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur